



Foreldrahandbók Undralands

Almennar upplýsingar fyrir foreldra og
forráðamenn barna í frístundaheimilinu
Undralandi 2018-2019.

Í þessari handbók er að finna nýtsamlegar upplýsingar fyrir þig og barnið þitt varðandi frístundaheimilið. Foreldrar þurfa að meðtaka mikið af upplýsingum í byrjun skólaárs og því tilvalið að hafa allar upplýsingar um frístundaheimilið á einum stað. Við hlökkum til að vinna með ykkur og börnunum ykkar í vetur og vonum að handbókin komi að góðum notum.

Um Undraland, skipulag og verkferlar

Við leggjum mikið upp úr því að þjónusta barnið ykkar sem best, þar sem það er statt hverju sinni. Við leggjum okkur fram við að vera í góðu samstarfi við foreldra og aðra sem koma að degi barnsins, svo sem skóla, íþróttafélög og þjónustumiðstöð. Við bjóðum öllum foreldrum upp á formlegt foreldraviðtal einu sinni á ári, en auk þess er forstöðumaður við teymis- og skilafundi um einstök börn óski foreldrar eftir því. Foreldrar geta nálgast forstöðumann flesta morgna milli kl. 9:00 og 12:00 í síma **411-5710** eða **695-5054**. Einnig er hægt að senda póst á undraland@reykjavik.is

Miðað er við **14 börn** á hvern almennan starfsmann í Undralandi. Auk almennra starfsmanna eru stuðningsstarfsmenn sem sinna ákveðnum börnum. Þessi viðmið um barngildi á starfsmann ákvarða hvernig og hvenær hægt er að taka börn inn á haustin og ef fjöldi umsókna fer fram yfir fjölda starfsmanna sem tekist hefur að ráða getur myndast tímabundinn biðlisti. Börn í 1. bekk og börn með sérstakar aðstæður eru í forgangi þegar sótt er um dvöl í frístundaheimili skv. ákvörðun borgarráðs. Því ráðleggjum við foreldrum að skila inn umsókn fyrir barnið eins fljótt og kostur er, en ávallt er opnað fyrir umsóknir fyrir næsta skólaár í febrúar.

Starfsfólk

Starfsmannahópurinn samanstendur af forstöðumanni í fullu starfi, aðstoðarforstöðumanni í fullu starfi og starfsmönnum í hlutastarfi, sem eru í allt frá 20-50% starfshlutfalli.

Forstöðumaður Undralands er Eyrún Eva Haraldsdóttir. Aðstoðarforstöðumaður er Guðrún María Ingólfssdóttir. Daglegur vinnutími þeirra er frá 9:00 – 17:00. Flesta morgna er hægt að ná tali af þeim á skrifstofunni og ná í þær í síma **411-5710** eða **695-5054**. Sérstaklega er mælt með því að foreldrar hafi samband **fyrir hádegi** ef áriðandi mál koma upp. Mjög erfitt getur reynst fyrir starfsfólk að taka á móti fyrirspurnum á milli 13:20 – 17:00, þar sem nóg er um að vera með börnunum. Við biðjum ykkur því að halda símhringingum í lágmarki eftir 13:20. Ef foreldrar vilja panta viðtalstíma hjá forstöðumanni er það sjálfsagt. Best er þá að hafa samband tímanlega og panta tíma.

Opnunartími

Frístundaheimilið opnar um leið og venjulegum skóladegi lýkur og er opið til kl. **17:00**. Börnin eru sótt í skólastofur af starfsmönnum sem fara með þau niður í Undraland. Börnin taka allt

dót með sér; töskur, skó og fatnað. Undraland lokar **kl. 17:00** og biðjum við foreldra að virða þann tíma. Mikilvægt er að láta starfsmann vita þegar barnið er sótt og „stimpla“ það út með því að setja myndina af barninu í „farin heim“ á valtöflunni. Svokallaður „valstjóri“ er við valtöfluna í flestum tilfellum og gott er að láta hann vita. Hann hefur yfirsýn yfir frístundaheimilið þegar starfið er í fullum gangi.

Gjald

Það kostar **13.413 kr.** á mánuði að vera í frístundaheimilinu **5 daga** í viku. Gjaldið er ávallt innheimt eftir hvern mánuð. Ef foreldrar vilja afskrá barnið úr frístundaheimilinu er mikilvægt að gera það fyrir **15. hvers mánaðar og tekur uppsögnin gildi mánaðarmótin á eftir**. Hægt er að skrá barn í hlutadvöl í Undralandi og tekur gjaldið þá mið af nýtingunni. Nánar má sjá gjaldskrána á heimasíðu Tjarnarinnar ([ýtið hér](#)).

Hressing

Börnin fá síðdegishressingu fljótlega eftir að þau koma í Undraland. Skólinn sér um að kaupa inn fyrir hressinguna, en starfsmenn Undralands sjá um að bera hana á borð. Hressingin kostar **3.872 kr.** á mánuði sé barn 5 daga í viku og er gjaldið innheimt með dvalargjöldum í frístundaheimilinu. Þegar börnin hafa fengið sér hressingu hefst formleg dagskrá.

Dagskrá

Formleg dagskrá Undralands hefst kl. 14:30, þegar síðdegishressingu, útiveru og samverustund er lokið. Dagskráin er samsett af fjölbreyttum og skemmtilegum tólmstundum og leitast er eftir því að hafa dagskrána þannig uppbyggða að í bland sé boðið upp á skipulagt starf og frjálstan leik. Þar sem börnin hafa setið í skólastofunni allan daginn er nauðsynlegt að þau fái sinn skerf af frjálsum tíma. Skipulögðum dagskrárliðum lýkur að mestu í kringum kl.16:20, þar sem að börnin eru farin að tynast heim á þeim tíma. Eftir það er rólegur tími og tiltekt.

13:40: Börnin sótt í skólastofur og gengið niður í Undraland.

13:45: Val – börnin velja hvað þau vilja gera þann daginn.

13:50: Samverustund/útvist/síðdegishressing – misjafnt er eftir dögum í hvaða röð börnin fara í samverustund, útvist og síðdegishressingu. Hver bekkur fær eina samverustund í viku sem hefst þegar börnin eru búin að velja (útvist og síðdegishressing eru þó á hverjum degi). Á samverustund er farið yfir málefni sem styrkja félagslegan þroska barnanna, farið yfir þemavikur og fleira sem krefst samveru. Stundum lesum við þó bara sögu, förum í samvinnuleiki eða jafnvel jóga. Samverustund er rúmlega 15 mínútur. Eftir samverustund fara börnin í hressingu og loks í útvist áður en valið byrjar.

14:30: Valið byrjar.

15:10: Skiptitími – börnin geta skipt um val.

16:00: Skiptitími/allir út – börnin geta skipt um val eða á góðviðrisdögum fara allir saman út.

16:30: Tiltekt og rólegur tími.

17:00: Frístundaheimilið lokar.

Aðstaðan

Undraland er staðsett á neðstu hæð Grandaskóla og í húsi á lóð skólans, Rekagrindamegin. Valtafla Undralands er inni í Grandaskóla og því mikilvægt að koma þangað til að athuga hvar barn er staðsett í frístundaheimilinu.

Undraland skiptist í eftirfarandi svæði:

Inni í Grandaskóla:

Kastali: Í kastalanum er frjáls hlutverkaleikur hafður í hávegum. Í kastala reynir á ímyndunaraflíð og þar eru búningar, tuskudýr, púðar og annað sem þarf í góðan hlutverkaleik.

Listir: Listir eru notaðar undir skapandi vinnu. Þar er málað, fönndrað, teiknað og önnur listtengd vinna unnin.

Íþróttasalur: Í íþróttasal fara skipulagðir leikir fram. Einstaka sinnum er frjáls leikur í salnum og þá eru sett upp allskonar tæki og tól, líkt og í sirkus. Stundum eru þar bíósýningar eða Just Dance.

Perlur: Mikil perlumenning er í Undralandi og er perlað í matsal skólans. Við perlum með Hama-perlum og það er í boði að láta strauja perlið sitt alla jafna. Börnin geta því skapað allskonar hluti og fengið að taka þá með sér heim. Við leggjum áherslu á að skipta reglulega út perluleiðbeiningum og koma með nýjar hugmyndir.

Matreiðslustofa: Undraland hefur aðgang að matreiðslustofu skólans, en notar hana ekki alla daga. Í matreiðslustofunni er börnunum leiðbeint um hvernig megi baka og elda á einfaldan hátt, ásamt hreinlæti og öryggisverkferlum í matargerð. Áherslan er einnig á að gera góðgæti sem gott er í maga.

Útivist: Útivistin er alltaf í boði í Undralandi, þ.e. börn geta alltaf skipt af vals væði sínu og farið í útivist. Þau þurfa ekki að bíða eftir skiptitíma. Útivistin er á skólalóð Grandaskóla en starfsmaður útivistarinnar ákvarðar svæðið sem börnin mega leika á hverju sinni.

Í húsi á lóð skólans:

Ath. að Undraland er að fá húsið á lóð skólans aftur eftir margra ára fjarveru. Við eigum eftir að búa til skemmtileg nöfn á rýmin og munum eflaust aðlaga þau eitthvað í vetur, til að þau virki sem best.

Spil og tónlist: Í spilum eru spiluð borðspil eða handspil. Undraland á fjöldan allan af skemmtilegum spilum og reynum við að gera sem mest úr þeim. Sum spil eru flóknari en önnur og þá spilar starfsmaður með börnunum. Í þessari stofu geta börnin einnig kynnst allskonar hljóðfærum og prófað sig áfram með hljóð- og lagasmíðar. Boðið er upp á hljóðfæri

eins og trommur, hljómborð, hljóðnema og i-Pada þar sem ýmis forrit eru notuð til tónlistarsköpunar. Flest hljóðfæranna eru tengd í heyrnartól og því getur hver og einn sinnt sínu án þess að verða fyrir truflun eða trufla aðra. Auðvitað geta börnin spilað verk sín fyrir aðra ef þau óska þess eða stofnað hljómsveit ef vilji er fyrir hendi.

Kubbar: Í Undralandi eru til margar gerðir af kubbum, í öllum stærðum og gerðum – þar á meðal Legó. Í kubbum er líka Sylvania-dót og fleira sem hægt er að leika með í bland við kubbanda.

Kósýhorn: Kósýhorn er rólegasta stofan í Undralandi. Þetta er svæði fyrir þá sem vilja slaka á eða bara komast í smá hvíld frá ys og þys frístundaheimilisins. Einu sinni í viku (á föstudögum) er kósýhornið notað fyrir þá sem vilja spila tölvuleiki. Við spilum einungis tölvuleiki leyfða fyrir aldurshóp Undralands.

Heilir dagar

Á þeim dögum þegar hefðbundið skólahald liggur niðri, svo sem á starfsdögum kennara, í jóla- og páskafríum og öðrum frídögum í skólanum, er boðið upp á þjónustu allan daginn í frístundaheimilinu. Það er hins vegar **ekki opið í Undralandi í vetrarfríum** skólans. Á heilum dögum er opið í Undralandi frá 8:00 – 17:00. Greiða þarf aukalega fyrir þjónustu fyrir hádegi þessa daga, en sótt er um viðbótarvistun á heilum dögum í gegnum Rafræna Reykjavík. Skráning fyrir heila daga er auglýst í tölvupósti með góðum fyrirvara. Rík áhersla er lögð á að foreldrar láti vita hvort barn mæti eða mæti ekki þá daga sem skipulagt skólustarf liggur niðri, óháð því hvort nýta á viðbótarvistun að morgni eða fast pláss eftir hádegi svo best gangi að manna vaktirnar og skipuleggja dagskrá. **Athygli er vakin á því að ekki er tekið við óskráðum börnum á heilum dögum.** Mikilvægt er að börnin komi klædd eftir veðri og með nægilega mikið nesti (oftast morgun- og hádegisnesti). Á heilum dögum förum við oft með börnin í ferðir en erum alltaf í húsi á foreldraviðtalsdögum.

Hægt er að skoða hvaða dagar eru heilir skólaárið 2018-2019 í dagskrá á heimasíðu Undralands, mánuð fyrir mánuð ([ýtið hér](#)).

Heimasíða, samfélagsmiðlar og tölvupóstur

Upplýsingaflæði til foreldra er okkur mjög mikilvægt. Við höldum úti heimasíðu og sendum reglulega pósta með fréttum af starfinu, sem og aðra tilfallandi tölvupósta til foreldra. Mjög mikilvægt er að foreldrar gefi upp rétt netfang við umsókn í Rafrænni Reykjavík og ágætt ef foreldrar skoða það pósthfang reglulega. Hægt er að senda póst á netfangið undraland@reykjavik.is

Slóðin á heimasíðuna okkar er <http://undraland.tjornin.is> og er þar að finna upplýsingar um starfsfólk, innri starfsemi, myndir úr starfinu, fréttir og margt fleira. Heimasíðan er uppfærð reglulega.

Undraland notar einnig samfélagsmiðla. Frístundaheimilið er með Facebook-hóp undir nafninu Frístundaheimilið Undraland 2018-2019. Við hvetjum ykkur til að fylgjast með á þeirri síðu, en hún er lokuð og einungis foreldrar og forráðamenn samþykktir.

[Facebook-hópur Undralands.](#)

Tilkynningar til frístundaheimilisins:

Forfallatilkynningar eru alfarið á ábyrgð foreldra. Börn eiga ekki að tilkynna okkur að þau séu ekki á leið í Undraland eða séu að fara með vinum sínum heim, það er alfarið á ábyrgð foreldra að láta okkur vita. Þetta er hægt að gera með því að senda tölvupóst, sms eða hringja í frístundaheimilið. Nauðsynlegt er að tilkynna forföll barns svo við séum ekki áhyggjufull um börn sem mæta ekki til okkar. Ekki er þó nauðsynlegt að tilkynna um veikindi ef þau eru tilkynnt til Grandaskóla að morgni. Forstöðumaður fer og nær í þær upplýsingar á hverjum degi.

Frístundir: Foreldrar bera ábyrgð að láta okkur vita ef barn á að labba sjálf í aðrar frístundir (t.d. á æfingar), ef breytingar eru á frístundum barna eða þau fá leyfi til að sleppa æfingu.

„Má ég hringja“?

Í Undralandi spyrja börnin stundum hvort þau mega hringja heim. Það er oft mikið álag á símanum og þess vegna höfum við ekki tök á að leyfa börnunum að hringja heim nema erindið sé mjög mikilvægt, t.d. eitthvað gleymdist heima eða óvíst er hvort barnið á að labba heim eða er sótt. Börnin fá ekki leyfi til að hringja heim úr Undralandi til þess að spyrja um leyfi til að leika með öðrum börnum eftir frístund. Við biðjum foreldra að sýna þessari reglu skilning og hvetjum til þess að slíkar heimsóknir séu skipulagðar daginn áður og við látin vita með símtali eða tölvupósti.

Útbúnaður barna: Mikilvægt er að börn séu klædd eftir veðri þegar þau eru í Undralandi. Það eru undantekningartilvik ef við förum ekki út. Ef barn hefur verið veikt og á að vera inni er mikilvægt að foreldrar láti vita af því, með því að senda barnið með miða, hringja, senda sms eða tölvupóst.

Óskilamunir: Í Undralandi er mikið um óskilamuni og hrannast þeir upp þegar líða tekur á veturinn. Starfsfólk er duglegt að setja merkt föt á snaga barnanna, en ef þau eru ómerkt eru þau sett í hvítu kommóðuna hjá valtöflunni. Við hvetjum ykkur til að kíkja í hana þegar þið komið að sækja börnin. Óskilamunir dagsins eru vanalegast í körfu við innganginn. Ef óskilamunir eru ekki sóttir fara þeir í Rauða krossinn. Við látum alltaf vita með fyrirvara hvenær það er gert.

Umhverfið:

Við viljum biðja ykkur að hvetja börnin til þess að ganga frá eftir sig þegar þau eru sótt, svo það bitni ekki á öðrum börnum eða starfsfólki að ganga frá eftir þau. Við mótum umhverfið okkar og okkur líður betur í snyrtilegu umhverfi.

Annað:

Símar eru ekki leyfilegir á Undralandstíma og þurfa því að vera í töskunni á meðan (ef barn er með slíkan). Ef foreldrar þurfa nauðsynlega að ná í börnin, þá er hægt að hringja í Undralandssímann. Ef börn eru með síma eða símaúr, þá geta þau hringt heim í lok dags (t.d. til að láta vita að þau séu að leggja af stað heim eða annað slíkt) í viðurvist valstjóra. Þetta er gert öryggisins vegna, við viljum alltaf vita þegar börn fara heim og með hverjum.

Ef að börn mæta með hjól, hlaupahjól, leikföng, pening, síma eða annað þá er það á þeirra ábyrgð. Ef börn eru á hjóli, hlaupahjóli eða línuskautum í Undralandi verða þau að vera með hjálm. Hjólaskór eru ekki æskilegir í frístundaheimilinu.

Samstarf við skóla

Samstarf við skóla er margþætt og snýr bæði að innri og ytri málefnum frístundaheimilisins. Frístundaheimilin eru að öllu jöfnu staðsett í skólahúsnæði og um nýtingu á húsnæði gildir sérstakur samningur sem skólastjóri og forstöðumaður frístundamiðstöðvar samþykkja. Einnig situr forstöðumaður frístundaheimilis samráðsfundi með skólastjórnendum. Á þeim fundum eru tekin fyrir margvísleg málefni, s.s. þjónusta við börn með sérþarfir, samstarf á óhefðbundnum skóladögum og annað samráð.

Samstarf við KR - fótboltafylgd

Undraland er í samstarfi við KR og fylgir þeim börnum sem stunda fótbolta (og eru skráð í fótboltafylgd) yfir í íþróttafélagið. Starfsmaður gengur með börnunum og fylgir þeim að skóhillunni en þar fyrir innan tekur KR við. Starfsmenn Undralands fara með öðrum orðum ekki inn í klefa. Hlutverk þeirra er að sjá um börn sem af ýmsum ástæðum eru í afgreiðslunni eða í félagsheimilinu og hafa ekki verið sótt.

Hægt er að skrá börn í þessa fótboltafylgd með einföldum tölvupósti til frístundaheimilisins.

Séreinkenni fyrir frístundaheimili Tjarnarinnar:

Vellíðunnar- og hreyfivika: Í ár ætlum við af stað með nýja þemaviku þar sem heilsa (bæði líkamleg og andleg) verður í hávegum höfð. Við hlökkum til að þróa þessa þemaviku og móta með börnunum. Vellíðunnar- og hreyfivika er í september.

Vísindavika: á hverju hausti eru vísindi í brennidepli í eina viku í frístundaheimilum Tjarnarinnar. Frístundaheimilin keppast við að gera allskonar tilraunir og fá vísindamenn í heimsókn. Vísindavikan er í október.

Barnasáttmála- og réttindagönguvika: þetta er þemavika sem haldin er á hverju ári í kringum afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Við einbeitum okkur sérstaklega að réttindum barna í þessari viku og vinnum skemmtileg og fræðandi verkefni. 2. bekkur heldur síðan í réttindagöngu niður í miðbæ og krefst bóta fyrir öll börn. Barnasáttmála- og réttindagönguvika er í nóvember.

Jólamarkaður: á hverju ári er haldinn jólamarkaður í Tjörninni til styrktar góðu málefni. Vikurnar á undan hafa börnin í frístundaheimilunum fönðrað og útbúið alls kyns vörur og varning sem þau selja foreldrum og velunnurum til styrktar því málefni sem valið hefur verið. Rauði krossinn og UNICEF hafa t.d. verið styrkt á þennan hátt. Jólamarkaður er í byrjun desember.

Fjölmiðlalæsisvika: í því samfélagi sem við lifum í dag verða börn að vera meðvituð um hvað þau sjá og heyra – og hvaða áhrif það getur haft á þau. Í fjölmiðlalæsisviku er börnunum leiðbeint um fjölmiðla og fjölmiðlanotkun. Fjölmiðlalæsisvika er í febrúar.

Vika fjölbreytileikans: í viku fjölbreytileikans velta börnin í frístundaheimilunum fyrir sér fjölbreytileikanum með því að skoða menningarmun og vinna ýmis verkefni til að stækka sjóndeildarhring sinn.

Kassabílarallý: hefð hefur skapast fyrir því að halda kassabílarallý á vorin á milli frístundaheimila Tjarnarinnar. Þar er keppt í mesta bróðerni um það hver eigi hraðskreiðasta bílinn, flottasta bílinn, besta stuðningsliðið og snörustu stafsmennina. Gengið er í skrudgöngu frá Hallgrímskirkju niður að Ingólfstorgi í lögreglufylgd og sjáum við til þess að bærinn taki eftir okkur. 2. bekkur skipar lið keppenda en 1. bekkur hvetur. Hvert frístundaheimili er með sinn einkennislit og einkennislitur Undralands er **grænn**. Öllum foreldrum er frjálst að mæta og taka þátt í gleðinni á þessum degi.

Frístundakort

Markmið og tilgangur Frístundakortsins er að öll börn og unglingar í Reykjavík frá 6 - 18 ára geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Frístundakortinu er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþrótta-, lista- og tómsundastarfsemi. Styrkurinn verður frá og með 1. janúar 2017 50.000 krónur á barn á ári en ekki er um beingreiðslur til forráðamanna að ræða, heldur hafa þeir rétt til að ráðstafa tilgreindri upphæð í nafni barns síns til niðurgreiðslu á þátttöku- og æfingagjöldum. Bent er á að ekki er mögulegt að flytja styrkinn milli ára. Börn sem verða sex ára á árinu eiga rétt á styrk frá 1. janúar það ár og út árið sem þau eru 18. Einstaklingar sem orðnir eru 18 ára þurfa að skrá sig sjálfir inn í Rafræna Reykjavík til þess að ráðstafa styrknum.